

Fundur stjórnar Íshokkisambands Íslands
Miðvikudaginn 22. október 2025, klukkan 17:00
Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Jóhannes Ævar Jónsson (JÆJ), Kristján Heiðar Kristjánsson (KHK), Brynja Vignisdóttir (BV), Sigrún Agata (SA), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GÍÞ), og Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Vilhelm Bjarnason (VB), Pétur Andreas Maack (PM),

Fyrir fundinum lá fundargerð á Slack samskipta vef stjórnar. Dagsett 9. okt 2025.
Fundargerðin var samþykkt af stjórn án athugasemda.

Rædd var staða U20 landsliðs pílta, sem Sheldon Reasbeck var aðalþjálfari hjá, í því ljósi að samningur hans og SA er kominn á enda. Ákveðið var að óska eftir því við Eduard Kascak sem var aðstoðarþjálfari að taka við liðinu. Beðið verður átekta með að finna aðstoðarmann þar til liggur fyrir hvort SA ræður nýja þjálfara.

Learn to Play LTP, IIHF stendur fyrir námskeiði fyrir þá sem stýra LTP-verkefnum innan landssambanda. En LTP-kerfið hefur verið uppfært og endurnýjað miðað við nýjustu þekkingu. Námskeiðið er haldið í Budapest, Ungverjalandi dagana 2. til 8. febrúar 2026. Samþykkt var að bjóða Söru Smiley að fara og Andra Magnússyni ef hægt er að fá 2 sæti.

Farið var yfir stöðu á U18kvk landsliðsverkefninu. VG rakti hver staðan væri í fararstjórn og starfsfólki í kringum liðið, bólusetningarfyrirkomulag og hvenær stæði til að birta 25 manna úrtak sem verður boðað í æfingabúðir milli jóla og nýárs.

Ræddar voru hugmyndir þjálfara aðildarfélaga um að senda U14 aldursflokk til keppni erlendis. Óskað var eftir því að ÍHÍ kæmi með verkefnastjóra að þessu verkefni. KHK tók að sér að vera verkefnastjóri fyrir þetta verkefni.

Fyrir var tekið erindi frá yfirdómaranum Sindra Gunnarssyni. Erindið var í 2 liðum.

1. Hjálmar leikmanna, mikið hefur borið á því að grindur á hjálmum séu ekki rétt festar á. Dómarar hafa óskað eftir því að stjórn sambandsins samþykki að þeir fylgi eftir að festu þeim reglum sem um hjálma og grindur gilda.

2. Neðri aldursmörk í U18. Nokkuð hefur borið á því að mikill þroska og stæðrarmunur sé á keppendum í U18 mótahaldi. Vekur hann athygli á því að ÍHÍ hefur ekki verið að fara eftir reglum IIHF varðandi neðri aldursmörk leikmanna.

Stjórnin var sammála um að dómarar ættu að fylgja eftir að öryggisbúnaður sá sem leikmenn eru skyldugir að bera samkvæmt leikreglum sé samkvæmt þeim reglum. Ekki sé forsvaranlegt að gefa afslátt á öryggi leikmanna. Því óskar stjórnin eftir því við dómara sambandsins að fylgja þessu ákveðið eftir og beita þá aðila sem ekki fara eftir þessum reglum 10 mínútna persónulegum dómi líkt og reglur IIHF kveða á.

Stjórnin var líka sammála því að yngri en 15 ára fái ekki að leika með U18 og U22 ára liðum nema að foreldrar, leikmaðurinn og þjálfari hafi undirritað „Leikmaður undir aldri“ skjal, og sent inn til skrifstofu ÍHÍ. Í þessu samhengi þá gildir almannaksárið. Framkvæmdastjóra er

falið að lagfæra skjalið sem gildir fyrir meistaraflokka og U22 ára og útbúa til nýtt undir aldri skjal fyrir U18 og ára aldursflokkinn. Einnig er frakvæmdastjóra falið að kynna þessar ákvarðanir fyrir aðildarfélögum.

Rædd var staðan á handbók ÍHÍ sem ekki hefur tekist að brjóta upp og gefa formlega út. HP benti á að best væri að svona upplýsingar væru skilmerkilega settar upp á netsíðu sambandsins þannig að aðgangur væri skýr fyrir alla. Þannig væri hægt að uppfæra reglur strax og gömul útprentuð skjöl væru ekki að valda misskilning. Tók formaðurinn að sér að koma þessu efni á vef sambandsins.

Rædd var undanþágubeiðni frá SR vegna leikmannanna Péturs Maack og Björns Róberts Sigurðarsonar. Samþykkt var að veita undanþágu á félagaskiptaglugga fyrir þessa leikmenn þar sem lið þeirra sem þeir eru skráðir hjá starfar ekki lengur.

Önnur mál,

KHK ræddi hvað samskipti í gegnum Messenger geta verið erfið, sérstaklega í því ljósi að algengt er ungt fólk er ekki að nota þennan hugbúnað, benti hann á að mikill meirihluti hreyfingarinnar er að nota ABLER forritið. Óskaði hann eftir því við framkvæmdastjórann að kannað yrði hvað kostaði fyrir sambandið að taka upp Abler í samskiptum við landsliðshópa.

Fundi slitið.